



6.8.1. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018 og 1278/2018

Lög um mannvirki, nr. 160/2010

## Almennt

Í grein 6.8.1 í byggingarreglugerð segir:

„Ákvæði 6.8. kafla gilda almennt um byggingar til annarra nota en íbúðar, þ.m.t. þær byggingar sem falla undir 6.9., 6.10. og 6.11. kafla.

Kröfur til íbúðarhúsa ná einnig til bygginga sem ætlaðar eru til annarra nota að svo miklu leyti sem við á.

Öll rými innan bygginga sem falla undir þennan hluta reglugerðarinnar skulu henta fyrir-hugaðri starfsemi í byggingunni og þau þannig gerð að uppfylltar séu allar kröfur um vinnuvernd, hollustuhætti og öryggi og séu hagkvæm í rekstri og viðhaldi. Atvinnuhúsnæði skal uppfylla lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðir og reglur sem settar hafa verið samkvæmt þeim lögum, sbr. m.a. reglur Vinnueftirlits ríkisins um húsnæði vinnustaða. Þá skal uppfylla ákvæði í reglugerð um hollustuhætti eftir því sem við á.

Í byggingum sem falla undir þennan hluta reglugerðarinnar skal í hverjum eignarhluta séð fyrir fullnægjandi fjölda snyrtinga og ræstiklefa.

Flutningaleiðir fyrir aðföng og úrgang innan og við byggingar sem falla undir þennan kafla skulu vera vel skipulagðar með greiðan aðgang að sorpgeymslu eða sorpgámum.

Við hönnun slíkra bygginga og við endurbyggingu skal í hönnunargögnum gerð grein fyrir fjölda bílastæða þar sem hleðsla rafbíla er möguleg. Lágmarksfjöldi slíkra stæða skal vera samkvæmt töflu 6.05 og miðast við hver heildarfjöldi stæða er við byggingu. Tengibúnaður vegna hleðslu rafbíla skal vera við slík stæði.

**Tafla 6.05 Lágmarksfjöldi bílastæða þar sem hleðsla rafbíla er möguleg fyrir byggingar til annarra nota en íbúðar.**

Heildarfjöldi stæða við byggingu	Lágmarksfjöldi stæða þar sem hleðsla rafbíla er möguleg
1-5	1
6-10	2
11-15	3
16-20	4

Síðan skal bæta við að lágmarki einu stæði þar sem tengibúnaður vegna hleðslu rafbíla er til staðar fyrir hver 5 stæði. Að auki skal tengibúnaður vegna hleðslu rafbíla vera til staðar við öll bílastæði fyrir hreyfihamlaða.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“



## Leiðbeiningar

### 1 Hleðsla rafbíla


Í 6. málsgrein 6.8.1. gr. segir: „Við hönnun slíkra bygginga og við endurbyggingu skal í hönnunargögnum gerð grein fyrir fjölda bílastæða þar sem hleðsla rafbíla er möguleg. Lágmarksfjöldi slíkra stæða skal vera samkvæmt töflu 6.05 og miðast við hver heildarfjöldi stæða er við byggingu. Tengibúnaður vegna hleðslu rafbíla skal vera við slík stæði.“

Með orðinu endurbygging er átt við í þessu tilfelli, þegar um ræðir eitthvað af eftirfarandi:

- Endurnýjun á rafmagni sameignar
- Endurnýjun á rafmagni í bílgeymslu
- Endurnýjun á aðalrafmagnstöflu
- Endurnýjun á bílgeymslu
- Endurnýjun á bílastæðum á lóð

Í 7. málsgrein 6.8.1. gr. segir: „Að auki skal tengibúnaður vegna hleðslu rafbíla vera til staðar við öll bílastæði fyrir hreyfihamlaða.“

Hleðslustöðvar sem settar eru niður við bílastæði hreyfihamlaðra skulu vera með gott og hindrunarlaust aðgengi.



Mynd 1. Gott dæmi um hleðslustöð.



Mynd 2. Dæmi um ekkert aðgengi að hleðslustöð, miklar hindranir.



Mynd 3. Dæmi um góða hönnun á hleðslustöð. Engar hindranir. Vantar þó að merkja stæðið hreyfihömluðum.

## 2 Útfærslur á heimahleðslum

Sjá leiðbeiningar um útfærslur á heimahleðslum rafbíla á slóðinni:

<http://www.mannvirkjastofnun.is/rafmagnsoryggi/fraedsla/>